



Skýrsla starfshóps um uppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða 2023-2030

Tillaga starfshóps að stefnu Reykjanesbæjar í uppbyggingu á íþróttamannvirkjum og svæða 2023-2030

Formáli

Á 1388. fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar sem haldinn var í Merkinesi þann 12. október 2022 var samþykkt erindisbréf um starfshóp um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða 2023 – 2030. Í kjölfarið var starfshópur skipaður með fulltrúum meiri- og minnihluta bæjarstjórnar ásamt helstu hagsmunaaðilum innan íþróttahreyfingarinnar.

Starfshópurinn studdist við nógildandi stefnuáherslur Reykjanesbæjar til ársins 2030, Barnasáttmálann í Reykjanesbæ frá 2020 og gildi Reykjanesbæjar.

Með skýrri stefnu og framtíðarsýn í uppbyggingu íþróttamannvirkja er markmiðið að efla íþrótt- og tómstundarstarf í sveitarfélaginu og stuðla að öruggu, aðlaðandi og heilbrigðu samfélagi fyrir bæjarbúa.

Hlutverk nefndarinnar er að skoða stöðu núverandi mannvirkja, meta áætlaða þörf íþróttahreyfingarinnar til ársins 2030 og koma með tillögur að nýrri stefnumótun í uppbyggingu íþróttamannvirkja og forgangsröðun þeirra ásamt rökstuðningi.

Í starfshópnum sátu auk íþrótt- og tómstundafulltrúa:

- Eva Stefánsdóttir, formaður og Jón Björn Ólafsson fulltrúar bæjarstjórnar
- Hafsteinn Ingibergsson, forstöðumaður íþróttamannvirkja RNB
- Ólafur Eyjólfsson, Formaður Ungmennafélags Njarðvíkur
- Birgir Már Bragason, stjórnarmaður Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags
- Rúnar V. Arnarsson, formaður ÍRB

Hámundur Örn Helgason íþrótt- og framkvæmdastjóri sat fundina þegar forföll voru hjá UMFN.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Guðlaugur H. Sigurjónsson, Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stefnumótun og framtíðarsýn	5
Stefnumótun Reykjanesbæjar 2020-2030 og innleiðing heimsmarkmiða.....	5
Barnasáttmálinn í Reykjanesbæ.....	5
Stefna & framtíðarsýn í íþróttamannvirkjum RNB 2023-2030.....	6
Aðferðafræði og afstaða deilda	7
Viðtal við sviðsstjóra umhverfis-og framkvæmdasviðs.....	8
Staða núverandi íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar	9
Þarfagreining á aðstöðu deilda	10
Tillaga starfshóps um forgangsröðun á íþróttamannvirkjum til ársins 2030.....	11
Knattspyrnudeild UMFN.....	11
Knattspyrnudeild Keflavíkur	13
Tillögur starfshóps	14
Fimleikadeild Keflavíkur	16
Tillögur starfshóps	17
Samantekt Knattspyrna og Fimleikar.....	17
Þörf á úrbótum á næstu árum	18
Framkvæmdir í íþróttamannvirkjun og íbúapróun	20
Lokaorð	22
Heimildir.....	23

Inngangur

Niðurstaða þarfagreiningar starfshóps leiðir í ljós brýna þörf á úrbótum fyrir knattspyrnu og fimleika. Einnig leiddi þarfagreiningin í ljós að sumar deildir eru í víkjandi bráðabirgðahúsnæði og hugsanlega þarf til þeirra í framtíðaruppbyggingu til ársins 2030. Með tilliti til staðsetningar, fjárhagsstöðu Reykjaneshöfnar, samnýtingu og möguleika til stækkunar er tillaga starfshóps eftirfarandi og er í takti við tillögu um framtíðarsýn íþróttamannvirkja til ársins 2030.

Tillögur starfshóps:

Hönnun og deiliskipulag

Starfshópur leggur til að farið verði í hönnun og deiliskipulag sem allra fyrst árið 2023 fyrir Afreksbraut

- Áætlaður kostnaður **50millj.**

Knattspyrna

Fasi I: Æfingavöllur fyrir aftan Reykjaneshöll breytt í fullbúin keppnisvöll fyrir Njarðvík og Keflavík

- Keppnisstúka fyrir báðar deildir með búninga- og félagsaðstöðu, skrifstofur
- Lyftingarsalur og annað nauðsynlegt sem tengist starfsemi verði til staðar
- Fullnaðarhönnun og framkvæmdir fyrir 4000 áhorfendur ásamt þjónusturýmum
 - o Áætlaður kostnaður **2millj.**
 - o Hægt að skipta niður í Fasa I með 2000 áhorfendur **1.2millj.**
 - o Fasi II fyrir 2000 áhorfendur í viðbót **800millj.**

Fasi I: Tveir gervigrasvellir til æfinga og aðstaða fyrir barna og ungmennastarf í knattspyrnu fyrir bæði félög

- Starfshópur leggur mikla áherslu á að ljúka gerð æfingavalla samhliða keppnisvelli
- Lögð áhersla á tengibyggingar til þess að samnýta aðstöðu/starfsfólk eins mikið og hægt er
- Áhersla lögð á skiptingu byggingar, UMFN snýr að sínu svæði og öfugt
- Áætlaður kostnaður **800millj.**

Fimleikar

Fasi I: Fullbúið fimleikahús á Afreksbraut

- Hér er einnig lögð áhersla á tengibyggingar og/eða fjölnotaíþróttahús sem gæti nýst í Fasa II
- Lyftingarsalur og annað nauðsynlegt sem tengist starfsemi verði til staðar, hægt að samnýta með knattspyrnudeildum
- Áætlaður kostnaður: **1.500millj.**

- Reikna má með tekjuframlagi við sölu á Akademíu og lóð þar í kring

Önnur íþróttastarfsemi í víkjandi húsnæði:

Fasi II: Fyrir aðra íþróttastarfsemi sem er í víkjandi húsnæði í dag er tillaga starfshóps að gert verði ráð fyrir deildum og aðstöðu fyrir þær á Afreksbraut


- Áætlaður kostnaður: **1400 millj.**

Heildarkostnaður við uppbyggingu á Afreksbraut 2023-2030 er **4.950 - 5.750 millj.** og er kynntur í samráði við Sviðstjóra umhverfis og skipulagssviðs en þess má geta að um frumáætlun er að ræða. Reikna má með tekjuframlagi við sölu á Akademíu og lóð þar í kring og þá lækkar heildarkostnaður sem því nemur. Tillaga starfshóps fyrir Afreksbraut í fyrsta fasa nær til 51% af iðkendum Reykjanesbæjar á aldrinum 4.-18 ára¹ eða 9% af heildarfjölda íbúa.²

Það er ósk starfshópsins að árið 2023 verði skipuð **Mannvirkjanefnd** sem sér um þarfa- og kostnaðargreiningu í samráði við deildir og tryggir framgang verka.

- Nefndin leggur áherslu á að tryggja þarfir deilda við uppbyggingu á Afreksbraut og skoða þann möguleika á að fara í hönnunaráttboð
- Í hönnun á svæðinu verði lögð áhersla á að fylgja stefnu og framtíðarsýn íþróttamannvirkja, fallett umhverfi, umferðaröryggi, gott aðgengi og að svæðið verði miðjupunktur fyrir öflugt íþróttastarf til framtíðar

Tímalína og Frumáætlun



¹ <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/ithrottir-tomstundir/thattokutolur-barna-og-ungmenna>

² <https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/fjarmal-og-rekstur/gagnatorg>

Stefnumótun og framtíðarsýn

Íþróttta- og tómstundastarf er talið vera stór hluti af uppbyggingu og þroska barna, þau læra mikilvæga hluti eins og vinnusemi, siðferði, heiðarleika, samvinnu og skuldbindingu. Íþróttaiðkun hefur líka jákvæð áhrif á andlega líðan og eflir félagslega hæfni. Þessir mikilvægu þættir hafa því jákvæð áhrif á vinnusemi og þátttöku barna í framtíðinni á vinnumarkaði. Til þess að ná þessari uppbyggingu þarf aðstaða til íþróttaiðkunar að vera sveitarfélögunum til fyrirmyndar og innihalda skýra stefnu og framtíðarsýn.

Stefnumótun Reykjanesbæjar 2020-2030 og innleiðing heimsmarkmiða

Í framtíðarsýn Reykjanesbæjar til ársins 2030 er áhersla á fjölskylduvænan bæ sem þroskar og nærir hæfileika í gegnum skóla-, íþróttta og menningarstarf.

Heildarstefna Reykjanesbæjar tók gildi árið 2020 og ber yfirheitið „Í krafti fjölbreytileikans“. Stefnan er sett saman af framtíðarsýn, þremur gildum og sex stefnuáherslum en þær eru: Börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta. Heimsmarkmiðin voru tengd í hverja stefnu fyrir sig og **hefur það áhrif á starfsáætlanir og verkefnaval til framtíðar hjá bæjarfélaginu,**

STEFNUÁHERSLUR



STEFNA REYKJANESBÆJAR 2020-2030

SEX STEFNUÁHERSLUR LÝSA ÁRANGRI SEM ATLAÐ ER AÐ NÁ

Barnasáttmálinn í Reykjanesbæ

Vorið 2020 undirrituðu Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra, Birna Þórarinsdóttir framkvæmdastýra UNICEF á Íslandi og Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri samstarfssamning um verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Áherslur barnasáttmálans byggir á jafnræði og barnvæna nálgun á þjónustu og ákvarðanatökur þ.m.t. aðstöðu til barna – og unglingsstarfs.

Stefna & framtíðarsýn í íþróttamannvirkjum RNB 2023-2030

Starfshópur tók mið af barnasáttmala og stefnu Reykjanesbæjar þar sem vellíðan íbúa, skilvirk þjónusta og börnin mikilvægust er hluti af stefnuáherslum.

Hópurinn leggur til að stefnan „**Aðstaða til fyrirmyndar**“ verði „leiðarljós“ í þeirri vinnu sem framundan er í uppbyggingu á íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar.

Starfshópurinn leggur einnig til að aðrar stefnuáherslur í framtíðarsýn íþróttamannvirkja verði **sameiginleg mannvirki, íþróttasvæði miðsvæðis, uppbygging og rekstrargrundvöllur.**

Að mati starfshópsins er þessi framtíðarsýn í íþróttamannvirkjum í takti við áherslur og stefnu Reykjanesbæjar til ársins 2030.



Aðferðafræði og afstaða deilda

Hlutverk starfshóps var að skoða stöðu núverandi mannvirkja, meta áætlaða þörf íþróttahreyfingarinnar til ársins 2030 og koma með tillögur að nýrri stefnumótun í uppbyggingu íþróttamannvirkja og forgangsröðun þeirra ásamt rökstuðningi

Í starfshóp voru fulltrúar íþróttahreyfingarinnar þar sem kallað var eftir afstöðu félaganna á ofangreindum þáttum:

ÍRB

Innan ÍRB starfa 13 deildir og er aðstaða deildanna frekar góð. Ekki er brýn þörf á byggingu mannvirkja á næstu árum en bardagaíþróttir, golf og borðtennis eru í víkjandi húsnæði. Að sögn formanns ÍRB er aðstaða Golfklúbbs Suðurnesja ekki hentugt til framtíðar, húsnæðið lekur og það er kalt þar inni. Ef byggja á fjölnota íþróttahús þarf að gera ráð fyrir þessum deildum bæði til hagræðingar fyrir Reykjanesbæ og samnýtingu deildanna. Mikil nýting er á húsnæði hjá þessum deildum en lítið svigrúm til stækkunar. Sundráð ÍRB óskar eftir bættri styrktar aðstöðu, nýja áhorfendabekki og tekjuskapandi aðstöðu með t.d. Led auglýsingaskiltum.

Frisbíggólfélag Suðurnesja vantar geymsluaðstöðu fyrir körfur og diska, salernisaðstöðu við Njarðvíkurskóg, fundaraðstöðu og kast-æfingatíma í Reykjaneshöllinni.

Ungmennafélag Njarðvíkur

Brýn þörf er á bættri aðstöðu fyrir Knattspyrnudeild Njarðvíkur. Framtíðarsýn UMFN hefur ætíð verið uppbygging við Afreksbraut og byggja vallahús fyrir knattspyrnuna, félagsaðstöðu allra deilda, skrifstofur og viðburðarsal. UMFN óskar eftir aðgerðum sem allra fyrst þar sem núverandi aðstaða liggur undir skemmdum.

Knattspyrnan er á forgangslista hjá Ungmennafélagi Njarðvíkur er varðar framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja til ársins 2030.

Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag

Brýn þörf er á bættri aðstöðu fyrir fimleikadeildina og er óskað eftir aðgerðum sem allra fyrst í þeim málaflokki. Mikið álag er á sjálfbóðaliða og rekstraraðstæður eru erfiðar. Huga þarf að framtíðaraðstöðu þar sem deildin getur verið sjálfstæðari í rekstri.

Knattspyrnudeildin óskar eftir bættri aðstöðu og er brýnt að huga að framtíðaraðstöðu og uppbyggingu fyrir knattspyrnuna.

Körfuknattleiksdeildin óskar eftir nýjum Led auglýsingaskiltum og nýrri Led klukku.

Skotdeildin er í víkjandi aðstöðu í Vatnaveröld og þarf að huga að þeirra aðstöðu við uppbyggingu nýrra íþróttamannvirkja.

Hafsteinn Ingibergsson, forstöðumaður íþróttamannvirkja RNB

Mikil nýting er á Íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar og er staðan þannig að nýjar deildir eiga erfitt með að fá æfingatíma. Varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja þá bendir Hafsteinn á Úlfársdalinn og aðstöðu FRAM, þar sem skipulag og nýting íþróttahússins er eins og best verður á kosið. Þar er skólahúsnæði og íþróttamannvirki innangengt og allir aðilar njóta góðs af því fyrirkomulagi. Þar var gerð ítarleg þarfagreining og unnið mikið með íþróttafélaginu FRAM í uppbyggingu á svæðinu.

Varðandi rekstrarkostnað á íþróttamannvirkjum þá ber helst að nefna að skipta þarf út gervigrasi í Reykjaneshöll árið 2024 og er kostnaðaráætlun um 100 milljónir króna. Gervigrasvöllurinn er mjög vel nýttur en svona völlur dugur í 6-8 ár að meðaltali. Árið 2028-2029 þarf að skipta út gervigrasvelli vestan Reykjaneshallar.

Viðtal við sviðsstjóra umhverfis-og framkvæmdasviðs

Starfshópurinn fundaði með Guðlaugi H. Sigurjónssyni Sviðsstjóra umhverfis-og framkvæmdasviðs Reykjanesbæjar til þess að ræða uppbyggingu á íþróttamannvirkjum til ársins 2030.

Að sögn Guðlaugs eru framkvæmdir eftirfarandi sem viðbúið er að farið verði í eða nú þegar hafnar:

- Stapaskóli II: Áætlað að það mannvirki verði tekið í notkun haust 2023, aðstaða fyrir körfuknattleiksdeild UMFN bætt til muna og sundráð ÍRB fær einnig aðstöðu.
- Grunnskóli í Hlíðarhverfi (ekki komið á fjárhagsáætlun): Með skólaíþróttahúsnæði eru tækifæri til samnýtingar og aðstöðu fyrir deildirnar og þá sérstaklega fimleikadeildina.
- Grunnskóli á Ásbrú (ekki komið á fjárhagsáætlun): Tækifæri til þess að færa íþróttirnar nær hverfunum, gott að hafa það í huga þegar farið verður í þarfagreiningu. Mikið álag er á samgöngur og foreldra þegar allar íþróttir eru færðar úr hverfum og þá sérstaklega fyrir yngstu iðkendur.
- Taka þarf afstöðu til knattspyrnunnar og framtíðarkeppnisvallar á Afreksbraut, æfingasvæðis á Iðavöllum sem er víkjandi og sú staðreynd að aðstaða golfklúbbs Suðurnesja og Borðtennisfélagsins er víkjandi.

Guðlaugur nefnir að núverandi gervigrasvöllur á Afreksbraut sé hannaður sem keppnisvöllur en einungis nýttur til æfinga. Að svo stöddu eru komnar óskir um aðstöðu fyrir áhorfendur og leikmenn.

Árið 2022 var farið í framkvæmdir á svæðinu til að nýta völlinn til keppnishalds fyrir yngri iðkendur en þá voru settir áhorfendabekkir vestan við völlinn, sett upp markatafla, varamannaskýli og salernisaðstaða. Þessar framkvæmdir gera völlinn ekki nothæfan sem keppnisvöll í efstu eða

næstefstu deild. Ef völlumurinn á að vera keppnisvöllur þarf stærri áhorfendastúku, aðstöðu fyrir keppendur og lagfæra aðkomu að velli.

Þegar spurt var út í fjármagn fyrir tvo fullbúna gervigrasvelli á Afreksbraut fyrir bæði Keflavík og Njarðvík svaraði Guðlaugur að það væri auknar líkur á að við gætum farið í að gera einn fullbúinn keppnisvöll, frekar en tvo meðalvelli. Auk þess sem það væri skynsamlegri nýting á skattfé bæjarins.

Þar að auki myndi sameiginlegur fullbúinn keppnisvöllur fyrir bæði félög gera Reykjanesbæ kleift að hafa sameiginlega yfirbyggingu og samnýtingu á búnaði.

Staða núverandi íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar

Íþróttamannvirki Reykjanesbæjar eru þrettán talsins en nýjasta viðbótin er íþróttahúsið við Stapaskóla sem opnar árið 2023. Þessu til viðbótar sér Reykjanesbær um að reka íþróttasvæði sem ekki falla undir titilinn „mannvirki“ en þarfnast viðhalds. Þessi svæði eru skotæfingarsvæði í Höfnum, púttvöllurinn við Mánagötu, golfvöllur við Ásbrú, Virkjun sem er með aðstöðu fyrir pílufélag, skák ofl. og siglingafélagið Knörr er með aðstöðu við smábátahöfn.

Þessu til viðbótar er Reykjanesbær með rekstrarsamninga við deildir sem sinna sjálf viðhaldi á sínum eignum þ.m.t. Skátafélag Suðurnesja, Golfklúbbur Suðurnesja og Hestamannafélagið Máni. Frisbíggólfélag Reykjanesbæjar er með aðstöðu til iðkunar í Njarðvíkurskógum og VÍR mótorsport með aðstöðu við Sólbrenkuskóg.



Staðsetning íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar 2023

1. Bardagahús (leigt húsnæði)
Taekwondo, hnefaleikar og júdo
2. Íþróttahúsið við Sannubraut
Vatnaveröld
Íþróttavöllur Keflavíkur
Körfubolti, sund, fótibolti og þríþbraut
3. Afreksbraut
Íþróttavöllur Njarðvíkur
4. Reykjaneshöllin Afreksbraut
Fótibolti
5. Íþróttakademian
Fimleikar
6. Íþróttahúsið við Njarðvíkurskóla – Ljónagryfjan
Körfubolti og sund
7. Íþróttahúsið við Myllubakkaskóla
Nýtt sem skólaíþróttahús
8. Íþróttahúsið við Háaleitisskóla
Körfubolti og skólaíþróttahús
9. Íþróttahúsið við Heiðarskóla
Badminton, blak, körfubolti og sund
10. Íþróttahúsið við Akurskóla
Körfubolti og sund
11. Gamla slökkvistöðin
Golf og borðtennis
12. Íþróttahúsið við Stapaskóla
Körfubolti og sund (opnar 2023)

Þarfagreining á aðstöðu deilda

Niðurstaða þarfagreiningar starfshóps leiðir í ljós brýna þörf á úrbótum fyrir knattspyrnu og fimleika. Einnig að sumar deildir eru í víkjandi bráðabirgðahúsnæði og hugsa þarf til þeirra í framtíðaruppbyggingu til ársins 2030.

Í kjölfarið fundaði starfshópurinn með fulltrúum beggja knattspyrnudeilda til þess að kanna afstöðu til framtíðaruppbyggingar og möguleikann á sameiginlegum keppnisvelli á Afreksbraut. Einnig fékk starfshópurinn sent erindi fimleikadeildar þar sem óskað var eftir bættri aðstöðu sem allra fyrst og hafði formaður starfshóps samband við deildina til frekari upplýsingaöflunar.

Niðurstaða þarfagreiningar

Þarfagreining á aðstöðu deilda			
Deildir innan Keflavík	Deildir innan UMFN	Deildir innan ÍRB	
Badminton	Þríþraut	Hestamannafélagið Máni	Siglingafélagið Knörr
Blak & Rafíþróttir	Körfubolti	Pilufélag Reykjanesbæjar	KF Hafnir
Körfubolti	Lyftingar	Íþróttafélagið Nes	RB - knattspyrna
Skotdeild	Gíma	Velhjólaíþróttaf. RNB	Frisbigolf félag RNB
Taekwondo	Sund	Akstursíþróttafélag RNB	Borðtennisfélag RNB
Sund	Knattspyrna	Júddó	Hnefaleikar
Knattspyrna		Golfklúbbur Suðurnesja	
Fimleikar			

Ekki þörf á bættri aðstöðu til næstu ára
 Meðal þörf á bættri/annarri aðstöðu til næstu ára
 Brýn þörf á úrbótum á núverandi aðstöðu

Tillaga starfshóps um forgangsröðun á íþróttamannvirkjum til ársins 2030

Hér verður gerð ítarleg úttekt á núverandi stöðu þeirra deilda sem eru í brýnni þörf á úrbótum á núverandi aðstöðu ásamt viðhorfi félaganna til sameiginlegrar keppnisaðstöðu, samantekt og tillögum starfshóps til forgangsröðunar á nýjum íþróttamannvirkjum til ársins 2030.

Einnig verður gert stuttlega grein fyrir deildum sem eru í víkjandi aðstöðu eða þurfa bættu aðstöðu sem og kostnaðarþörf á endurnýjun gervigrasvallar í Reykjaneshöll árið 2024.

Knattspyrnudeild UMFN

Við Afreksbraut er vallarhús Njarðvíkur, stúka, keppnisvöllur og einn æfingavöllur. Iðkendur í yngri flokkum hafa aukist 320% frá árinu 2014 og er öflugt barna- og ungmennastarf starfandi á svæðinu.

Í vallarhúsinu er skrifstofuaðstaða og veislusalur sem tekur að hámarki 50 manns, ásamt lítilli eldhúsaðstöðu.



Knattspyrnudeild UMFN flutti heimavöll sinn við Nesvelli *Íþróttasvæði sem UMFN gaf eftir árið 2006*


yfir á Afreksbraut árið 2006 gegn því að fá fullbúna aðstöðu fyrir deildina.³ Við flutninginn var UMFN lofað framtíðaraðstöðu á Afreksbraut en húsnæði og aðstaða sett til bráðabirgða í eitt ár þangað til fullnaðar hönnun á nýju húsnæði væri klárað. Árið 2006 var tekin skóflustunga að nýjum aðalleikvangi en þær fyrirætlanir runnu út í sandinn skömmu síðar.⁴

Fimmtán árum seinna er aðstaða UMFN enn starfandi í sama bráðabirgðahúsnæði. Bráðabirgðahúsnæðið var samsett af fjórum sumarústöðum sem standa enn og hafa þurft tilheyrandi viðhald. Í janúar 2023 þegar unnið var að árlegum viðgerðum voru framkvæmdir stöðvaðar vegna gruns um myglu og óvíst hvort húsnæðið verði nothæft sumarið 2023.

³ <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/minnisblad-og-verkfundir-vegna-umfn-2007.pdf>
<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/samkomulag-umfn-og-rnb-2005.jpg>

⁴ <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/sameiginlegur-stadium.jpg>

- Knattspyrnudeild UMFN sigraði 2. deildina síðast liðið sumar og leikur í 1.deild sumarið 2023
- Búninga- og dómaraaðstaða fyrir 1.deildar lið þarf að fylgja viðmiðum og reglugerðum KSÍ
- Aðstaða knattspyrnudeildar UMFN er á undanþágu frá Knattspyrnusambandi Íslands og ljóst er að núverandi húsnæði mun ekki geta uppfyllt reglugerð KSÍ um búninga- og dómara aðstöðu fyrir 1.deildar lið⁵
- Framtíðarsýn UMFN hefur ætíð verið uppbygging við Afreksbraut⁶ og byggja vallarhús fyrir knattspyrnuna, félagsaðstöðu allra deilda, skrifstofur og veislusal sem einnig væri tekjuskapandi eining
- Í dag eru spilaðir yngri flokka leikir á gervigrasvellingum á Afreksbraut og stundum verið að nýta búningaaðstöðu knattspyrnudeildar UMFN fyrir bæði lið
- Samkvæmt upplýsingum úr mælaborði Sportabler⁷ hefur fjöldi iðkenda hjá Knattspyrnudeild UMFN aukist um 320% frá 2014-2022 og má sjá aldurskiptingu hér að neðan. Upplýsingar um iðkendafjölda frá 2014 barst frá Knattspyrnudeild UMFN.



Samantekt:

UMFN hefur óskað eftir því að íþróttamannvirki fyrir knattspyrnudeildina verði sett í forgang og að sú vinna hefjist sem allra fyrst á Afreksbraut, sérstaklega í ljósi þess að núverandi aðstaða liggur undir skemmdum. Einnig er bent á að barna- og ungmennastarf hefur aukist mikið á undanförunum árum og er lögð áhersla á fullnægjandi æfingavelli á svæðinu sem og aðstöðu fyrir skrifstofur, fundarsal og félagsaðstöðu til framtíðar.

⁵ <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/adstoduleysi-umfn.jpg>

⁶ <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/framtidarsyn-umfn.jpg>

⁷ <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/ithrottir-tomstundir/thatttutolur-barna-og-ungmenna>

Knattspyrnudeild Keflavíkur

Aðstaða Knattspyrnudeildar Keflavíkur er við Hringbraut á HS Orku vellinum og hefur verið þar síðan 2. júlí 1967. Mikil uppbygging hefur verið í barna- og ungmennastarfi en iðkendur æfa við Afreksbraut, Iðavöllum eða Reykjaneshöll. Meistaraflokkar kvenna og karla spila sína leiki á HS Orkuvellinum við Hringbraut.




HS Orku völluminn

Búningaaðstaða við keppnisvöllinn er í svokölluðu Jónshúsi sem er staðsett við aðalvöllinn og að sögn Íþróttastjóra Keflavíkur er ekki fullnægjandi aðstaða fyrir lið í efstu deild.

*„Að vera með lið í efstu deild fylgja miklar kröfur og við þurfum að standast leyfiskerfi KSÍ á hverju ári. Í dag standast mannvirki HS- Orku völluminn, Nettóhöllin og nýja gervigrasið okkar ekki kröfur leyfiskerfis“
– Hjördís Baldursdóttir íþróttastjóri Keflavíkur.*

- Síðastliðin ár hefur knattspyrnudeild Keflavíkur ásamt aðalstjórn óskað eftir umtalsverðum fjárhæðum til uppbyggingar á keppnisvelli, aðstöðu og stúku við HS Orku völluminn
- Opinber framtíðarsýn frá 2017 Knattspyrnudeildar Keflavíkur var uppbygging við Hringbraut á þeim vellið
- Meistaraflokkur karla og kvenna spilar í efstu deild sumarið 2023 (Besta deildin). Búninga- og dómara aðstaða þarf að fylgja viðmiðum og reglugerðum KSÍ
- Æfingavellir meistaraflokka eru á Hringbraut og á Afreksbraut
- Fyrstu leikir hefjast í apríl 2023 og óvíst er hvort grasvöllur á HS orkuvellinum verði tilbúinn undan vetri
- Grasvöllur á HS orku vellinum er einn sá besti á landinu en er takmarkandi þar sem ekki er hægt að spila á honum nema hluta úr ári
- Fjöldi iðkenda í dag í knattspyrnu er um 914 og má sjá aldursskiptingu hér að neðan ásamt þróun á iðkendatölum frá 2014-2022

⁸ <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/framtidarsyn-knattspyrnudeildar-keflavikur.jpg>



Samantekt:

Stjórn Keflavíkur hefur lengi óskað eftir bættri aðstöðu og óskar eftir því að þarfir knattspyrnunnar verði sett í forgang í uppbyggingu á íþróttamannvirkum Reykjanesbæjar. Einnig er bent á að barna- og ungmennastarf hefur aukist mikið á undanförunum árum og er lögð áhersla á fullnægjandi fjölda æfingavelli á svæðinu.

Tillögur starfshóps

Stjórnir Knattspyrnudeilda UMFN og Keflavíkur tóku vel í erindi starfshóps um sameiginlegan keppnisvöll og eru viðræður milli þeirra hafnar. Starfshópnum hefur borist yfirlýsing frá báðum deildum þar sem þeir styðja tillögu starfshóps um sameiginlegan keppnisvöll.

Með tilliti til staðsetningar, fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar, samnýtingu og möguleika til stækkunar er tillaga starfshóps að uppbygging á framtíðarkeppnisaðstöðu beggja félaga við Afreksbraut verði á sameiginlegum keppnisvelli fyrir aftan Reykjaneshöll. Sú afstaða er í takti við framtíðarsýn íþróttamannvirkja til ársins 2030.

Þessu til stuðnings var svipuð tillaga að sameiginlegum keppnisvelli einnig lögð til í síðustu þarfagreiningu af Capacent árið 2019.

Líkt og skýrsla sem unnin var af Capacent árið 2019 kvað á um er réttast byggja sameiginlegan keppnisvöll með:

1. Félagsaðstöðu fyrir bæði lið þar sem félagsandi hvors liðs yrði ríkjandi.
2. Búninga- og dómaraðstöðu sem gæti þjónað Reykjaneshöll og hinum nýja aðalleikvangi beggja félaga.
3. Sameiginlegan sal sem myndi nýtast á leikdögum.

4. Aðstaða fyrir líkamsrækt/hreyfingu fyrir eldri borgara á morgnana og fyrir iðkendur knattspyrnudeilda eftir hádegi.
5. Byggja upp tekjuskapandi einingar og félögum gert kleift að leigja aðstöðu fyrir margvíslegar veislur og mannfagnaði.
6. Að auki þyrfti að leggja gervigrasvelli við Afreksbraut sem myndu nýtast sem sameiginlegir æfingavellir fyrir bæði lið og tæki þ.a.l. við sem æfingaaðstaða þar sem keppnisvöllur sveitarfélagsins yrði vestan Nettóhallar.
7. Nefndin leggur áherslu á að tryggja þarfir beggja félaga við uppbyggingu á Afreksbraut og skoða þann möguleika á að fara í hönnunarútboð
8. Heildarfjöldi iðkenda í báðum deildum er 1070 og taka þarf til greina spá um íbúafjölgun þar sem sveigjanleiki til enn frekari stækkunar verði til staðar

Frumáætlun kostnaðar: Keppnisvöllur við Afreksbraut

Knattspyrna

Fasi I: Æfingavöllur fyrir aftan Reykjaneshöll breytt í fullbúin keppnisvöll fyrir Njarðvík og Keflavík

- Keppnisstúka fyrir báðar deildir með búningaaðstöðu, félagsaðstöðu og skrifstofur
- Lyftingarsalur og annað nauðsynlegt sem tengist starfsemi verði til staðar
- Fullnaðarhönnun og framkvæmdir fyrir allt að 4000 áhorfendur ásamt þjónusturýmum
 - o Áætlaður kostnaður **2millj.**
 - o Hægt að skipta niður í Fasa I með 2000 áhorfendur **1.2millj.**
 - o Fasi II fyrir 2000 áhorfendur í viðbót **800millj.**



Keppnisvöllur við Afreksbraut

Fasi I: Tveir gervigrasvellir til æfinga og aðstaða fyrir barna og ungmennastarf í knattspyrnu fyrir bæði félög

- Starfshópur leggur mikla áherslu á að klára samhliða keppnisvelli
- Lögð áhersla á tengibyggingar til þess að samnýta aðstöðu/starfsfólk eins mikið og hægt er
- Áhersla lögð á skiptingu byggingar, UMFN snýr að sínu svæði og öfugt
- Áætlaður kostnaður **800millj.**

Fimleikadeild Keflavíkur

Fimleikadeild Keflavíkur var lofað nýju fimleikahúsi sem rísa átti á hinu íþróttasvæði sem fyrirhugað var vestan Reykjanesvallar. Þau plön runnu út í sandinn við hvarf varnarliðsins 2006 og efnahagshruns Íslands 2008. Í stað þess var Fimleikadeild Keflavíkur boðið að Akadémíunni við Krossmóa yrði breytt í fimleikahús og var það tekið í notkun 2010.



Íþróttakadémían


Aðstaðan var mikil lyftistöng fyrir deildina en deildin var áður í B sal við

Sunnubraut og ganga þurfti frá tækjum og stilla upp fyrir og eftir æfingar.

Stærð húsnæðis í Akadémíunni hentaði vel starfseminni árið 2010 en fjölgun iðkenda hefur verið mikil síðastliðin ár. Í dag eru 629 iðkendur samkvæmt Sportabler⁹ og má sjá aldurskiptingu hér að neðan.

Að sögn fimleikadeildarinnar uppfyllir núverandi húsnæði ekki þarfir deildarinnar hvað varðar stærð og rekstrargrundvöll.

- Sumir iðkendur og afreksfólk hafa þurft að sækja æfingar í Reykjavík vegna aðstöðuleysis
- Deildin getur ekki haldið stórmót sem veldur gríðarlegu tekjutapi
- Iðkendur í hópfimleikum eru með takmarkaðar æfingar vegna stærðar á gólfi
- Rekstrarumhverfi er erfitt og er mikið álag á sjálfbóðaliða



- Vegna rekstrarumhverfis hefur reynst erfitt að ráða inn þjálfara með réttindi
- Salurinn er 22X42m og uppfyllir ekki skilyrði FSÍ að halda löglegt fimleikamót
- Mikil aukning er á notkun á salnum og öllum áhöldum en flestir skólar á svæðinu eru að nýta sér aðstöðuna
- Búið er við enn frekari nýtingu á salnum og aukningu á iðkendum eftir að Reykjanesbær setti hvatagreiðslur fyrir 4-6 ára
- Fimleikadeildin hefur lýst yfir áhyggjum af búnaði sem er úr sér genginn og sumt ekki lengur öruggt fyrir iðkendur

⁹ <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/ithrottir-tomstundir/thatttokutolur-barna-og-ungmenna>

Í þarfagreiningu starfshóps kemur skýrt fram frá Keflavík að aðstaða fimleikadeildarinnar þurfi forgang í uppbyggingu íþróttamannvirkja til ársins 2030 en fimleikadeildin hefur á undanförunum árum ítrekað við bæjaryfirvöld að þessi aðstaða sé ekki fullnægjandi og að húsið henti ekki sem fimleikahús.

Tillögur starfshóps

Starfshópur er sammála um að brýn þörf er á bættri aðstöðu fyrir fimleikadeild Keflavíkur og leggur til eftirfarandi tillögu.

Frumáætlun kostnaðar: Fimleikar


Fasi I: Fullbúið fimleikahús á Afreksbraut

- Hér er einnig lögð áhersla á tengibyggingar og/eða fjölnotaíþróttahús sem gæti nýst í Fasa II
- Lyftingarsalur og annað nauðsynlegt sem tengist starfsemi verði til staðar, hægt að samnýta með knattspyrnudeildum
- Áætlaður kostnaður: **1.500millj.**
- Reikna má með tekjuframlagi við sölu á Akademíu og lóð þar í kring

Samantekt Knattspyrna og Fimleikar

Heildarfjöldi iðkenda í öllum íþróttgreinum í Reykjanesbæ á aldrinum 4.-18 ára eru 4003 talsins. Iðkendir í ofangreindum deildum erum samtals 2036.

Tillaga starfshóps fyrir Afreksbraut í fyrsta fasa nær til því til 51% af iðkendum Reykjanesbæjar eða 9% af heildarfjölda íbúa.



Heildarfjöldi iðkenda í prósentum

Þörf á úrbótum á næstu árum

Hér verður gert stuttlega grein fyrir deildum sem eru í víkjandi aðstöðu eða þurfa bættu aðstöðu og fjárframlög.

Endurnýjun gervigrass í Nettóhöllinni

Nefndin vill koma á framfæri að innan tveggja ára er nauðsynlegt að skipta um gervigras í Nettóhöllinni en kostnaður er áætlaður um **100 millj.**

- Starfshópur leggur til að Íþróttta og tólmstundafulltrúi vinni málið áfram með forstöðumanni íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar.

Sundráð ÍRB

Óskar eftir Led auglýsingaskilti á útisvæði í Vatnaveröld, bættri styrktaraðstöðu og áhorfendabekki í Vatnaveröld.

- Starfshópur leggur til að RNB forgangsráði óskum sundráðs í fjárhagsáætlun og reyni að komast til móts við þarfir en sundráðið hefur lengi óskað eftir áhorfendabekkjum og orðið fyrir tekjutapi vegna auglýsingaskilta sem voru tekin niður.

Golf – Borðtennis

Inniaðstaða fyrir golf og borðtennis er í rými sem er skilgreint sem víkjandi húsnæði á skipulagi og verði byggt nýtt íþróttahús við Afreksbraut væri æskilegt að hugað yrði að nýrri aðstöðu fyrir þessi félag samhliða þeirri byggingu.

- Starfshópur leggur til að gert verði ráð fyrir aðstöðu deildanna í Fasa II

Bardagahöll

Líkt og áður hefur komið fram þá rennur leigusamningur við Trésmiðju Ella Jóns út árið 2024. Húsnæðið hentar vel fyrir núverandi starfsemi en það er ekkert í hendi um að eigandi vilji ekki selja húsnæðið og eða leigja það öðrum aðilum.

- Starfshópur leggur til að gert verði ráð fyrir aðstöðu í Fasa II

Aðrar deildir

Með fjölnotaíþróttahúsi á Afreksbraut er hægt að samnýta aðstöðu fleiri deilda sem eru í vijkjandi húsnæði t.d. skotdeildinni og aðstöðu fyrir aðra hópa eins og eldri borgara. Einnig er hægt að samnýta styrktar aðstöðu fyrir allar deildir sem og fundaraðstöðu.

Framkvæmdir í íþróttamannvirkjun og íbúapróun

Iðkendafjöldi í íþrótt- og tómstundum hefur aukist í takti við íbúafjölgun og er eitt af markmiðum Reykjanesbæjar að fjölga iðkendum til framtíðar. Frá árinu 2000 til dagsins í dag hefur íbúafjöldi í Reykjanesbæ aukist um 92%, þar af hefur fjöldi barna á aldrinum 0-16 ára aukist um 49%.


Ef litið er til nýrra stórfamkvæmda í íþróttamannvirkjum hjá Reykjanesbæ frá árunum 2000 til dagsins í dag er listinn eftirfarandi:

- Árið 2000: Reykjaneshöllin vígð en framkvæmd var á vegum Íslenskra Aðalverktaka og Reykjanesbæjar er með gildandi leigusamning til ársins 2035
- Árið 2006: Innilaugin og Vatnaveröld vígð
- Árið 2010: aðstaða Fimleikadeildar Keflavíkur við Krossmóa tekin til notkunar
- Árið 2021: Nýr gervigrasvöllur vígður fyrir framan Reykjaneshöll
- Haustið 2023: verður vígð ný körfubolta höll fyrir UMFN

Samkvæmt gagnatorgi Reykjanesbæjar var fjöldi íbúa 22.575 talsins í mars 2023¹⁰

Starfshópur leitaði til Kadeco þróunarfélags¹¹ eftir upplýsingum um íbúapróun í Reykjanesbæ en mikil greiningarvinna er að þar að baki og eru tölurnar í takti við þær áherslur sem Kadeco setur fram í sinni framtíðarsýn og atvinnumöguleika á svæðinu.

Mikil uppbygging er framundan í Reykjanesbæ og ef spár Kadeco ganga eftir getur fólksfjöldi árið 2030 orðið 28-31þ. íbúar og árið 2050 orðið 40-55þ. íbúar.



¹⁰ <https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/fjarmal-og-rekstur/gagnatorg>

¹¹ Kadeco Þróunarfélag: sendandi Pálmi Freyr Randversson

Í ljósi íbúapróunar í Reykjanesbæ og fjölgun iðkenda þá telur starfshópur mikilvægt að halda áfram þeirri uppbyggingu sem hefur verið og hafa framtíðarsýn í íþróttamannvirkjum til stuðnings við ákvörðunartöku.

Starfshópurinn vill einnig koma á framfæri að til viðbótar við sameiginlegan knattspyrnuvöll Reykjanesbæjarliðanna væri einnig hægt að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir körfuknattleik þegar fram líða stundir á þessu svæði. Ljóst er að hægt er að gera mjög spennandi íþróttaaðstöðu til framtíðar við Afreksbraut og þá eru sameiginleg not af aðalvöllum fyrir íþróttafélögin skynsamlegasta ráðstöfunin.

Lokaorð

Markmið með framtíðaruppbyggingu í íþróttamannvirkjum hjá Reykjanesbæ er margþætt en aðaláherslan er að styðja við rekstur og aðstöðu deildanna, efla heilsufar allra bæjarbúa, sporna við ofþyngd, auka félagslega og samfélagslega færni og stuðla að jöfnu aðgengi allra barna á íþrótt- og tómstundastarfi.

Með auknum áherslum sveitarfélagsins og ákvarðanatöku tengdri lýðheilsu er verið að marka stefnu til framtíðar sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan allra íbúa.

Það er mat starfshópsins að framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja og svæða í Reykjanesbæ verði að hefjast sem allra fyrst og verði fylgt eftir með mannvirkjanefnd.

Þá telur starfshópurinn að grundvöllur og rökstuðningur sé nægilegur til þess að fylgja þeirri áætlun sem er birt til ársins 2030.

F.h. vinnuhóps

[Eva Stefánsdóttir](#)

Heimildir

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/baejarrad/1388-fundur>

https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Stjornsyslusvid/stefnumotun_ithrotta_2019.pdf

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/adstoduleysi-umfn.jpg>

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/minnisblad-og-verkfundir-vegna-umfn-2007.pdf>

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/samkomulag-umfn-og-rnb-2005.jpg>

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/framtidarsyn-umfn.jpg>

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/framtidarsyn-knattspyrnudeildar-keflavikur.jpg>

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/sameiginlegur-stadium.jpg>

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/fjarmal-og-rekstur/gagnatorg>



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS